

Innflutningur fódurs er með ólíkum hætti eftir því hvort það er flutt inn frá landi innan EES eða utan EES (þriðja ríki), svo og hvort það inniheldur dýraafurðir eða hráefni sem er undir sérstöku eftirliti. Fóðurinnflytjandi og fódurtegund skal vera skráð hjá Matvælastofnun áður en innflutningur á sér stað.

Eftirlit með innflutningi fódurs byggir á [lögum nr. 22/1994](#) um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, [reglugerð nr. 340/2001](#) um eftirlit með fódri, [reglugerð nr. 107/2010](#) um kröfur varðandi hollustuhætti sem varðar fódur og reglugerðum ESB eins og við á m.t.t. EES samningsins. Þar að auki gilda ákvæði dýrasjúkdómalöggjafar um innflutning á heyi og hálm (lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og [reglugerð nr. 1250/2019](#) um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

1. Skráning fóðurinnflytjanda

- Fóðurfyrirtæki (fóðurinnflytjandi) skal skráð hjá Matvælastofnun áður en fódur er flutt inn. Um er að ræða eftirlits-skylda starfsemi.
- Senda skal umsókn um skráningu fóðurfyrirtækis í [þjónustugátt](#) Matvælastofnunar – umsókn nr. **1.03**

2. Skráning fódurs

- Allt fódur sem flutt er inn frá löndum utan EES skal skráð hjá Matvælastofnun áður en það er flutt til landsins.
- Lyfjablandað fódur, fóðuruafefni og forblöndur fóðuruafefna sem flutt eru inn frá löndum innan EES skal skráð hjá Matvælastofnun áður en það er flutt til landsins.
- Senda skal umsókn um skráningu í [þjónustugátt](#) Matvælastofnunar – umsókn nr. **1.02**.
- Eftirfarandi skal fylgja umsókn um skráningu:
 - Innihaldslýsing fyrir vöruna þar sem fram kemur hráefnainnihald í fallandi röð hráefna og innihald aukefna ásamt efnagreiningu á fódri.
 - Upplýsingar um framleiðanda og uppruna fódursins og notkunarleiðbeiningar. Upplýsingarnar eiga að vera á íslensku, öðru norrænu máli eða ensku.
 - Hey / hálmur.** Innflutningur á heyi, hálm svo og fódri sem inniheldur gras, hey eða hálm (þ.á.m. kögglað) er óheimill skv lögum nr. 25/1993. Þó er Matvælastofnun hemilt að leyfa innflutning enda þyki sannað að ekki berist smitefni með þeim er valda dýrasjúkdómum. Eftirfarandi gögn skulu fylgja umsókn:
 - Staðfesting fóðurframleiðandans hitameðhöndlun, þ.e. lýsing á vinnsluferlum.
 - Vottorð frá dýralæknayfirvöldum í upprunalandi sem staðfestir eftirfarandi: Að hvorki gin- og klaufaveiki né rinderpest hafi komið upp á ræktunartúnum né að hafi verið bólusett gegn þeim sjúkdómum á því svæði. (*Ekki krafist vegna innflutnings á gæludýrafóðri*)
 - Að túnin séu talin laus við garnaveiki (*M. paratuberculosis*), riðu, kúariðu og önnur smitefni hættuleg búfenaði. (*Ekki krafist vegna innflutnings á gæludýrafóðri*)
 - Að engar takmarkanir hafa verið vegna tilkynningarskyldra sjúkdóma á svæðinu í 10 km rás umhverfis ræktunartún á síðustu 12 mánuðum. (*Ekki krafist vegna innflutnings á gæludýrafóðri*)
 - Staðfesting fóðurframleiðandans á því að dýrum hafi ekki verið beitt á ræktunartúnin né hafi verið notaður áburður með dýraúrgangi síðustu 5 ár. (*Ekki krafist vegna innflutnings á gæludýrafóðri*)

3. Innflutningur fóðurs frá þriðju ríkjum (lönd utan EES)

a) Fóður frá 3ju ríkjum sem inniheldur dýraafurðir

- Viðeigandi heilbrigðisvottorð gefið út af yfirvöldum í útflutningslandi skal fylgja sendingu.
- Sending skal skráð í Traces.
- Sending skal koma til skoðunar á samþykktu landamæraeftirlitsstöð (BCP).
- [Nánari leiðbeiningar um innflutning frá þriðju ríkjum](#)
- Þegar innflutningurinn hefur verið samþykktur fær innflytjandi sent tilkynningarnúmer sem skrá skal í reit 14 á aðflutningsskýrslu.

b) Fóður frá 3ju ríkjum án dýraafurða sem fellur undir viðauka I við ESB reglugerð nr. 2019/1793

- Á við um innihaldsefni frá tilteknum löndum utan EES sem tímabundið lúta auknu eftirliti (dæmi: jarðhnetur frá Bólívíu, gojiber frá Kína, okra frá Indlandi).
- Sending skal skráð í Traces.
- Sending skal koma til skoðunar á samþykktu landamæraeftirlitsstöð (BCP).
- Tekin eru sýni úr sendingu á landamæraeftirlitsstöð.
- [Nánari upplýsingar um matvæli og fóður í viðaukum I og II við reglugerð ESB nr. 2019/1793](#)
- Þegar innflutningurinn hefur verið samþykktur fær innflytjandi sent tilkynningarnúmer sem skrá skal í reit 14 á aðflutningsskýrslu.

c) Fóður frá 3ju ríkjum án dýraafurða sem fellur undir viðauka II við ESB reglugerð nr. 2019/1793

- Á við um innihaldsefni frá löndum utan EES sem geta innihaldið sveppaeiturefni, varnarefnaleifar, díoxín o.fl. (dæmi: hnetur frá Argentínu, sesamfræ frá Indlandi, þurrkaðar fíkjur frá Tyrklandi)
- Viðeigandi heilbrigðisvottorð gefið út af yfirvöldum í útflutningslandi skal fylgja sendingu.
- Rannsóknarniðurstöður skulu fylgja sendingu.
- Sending skal skráð í Traces.
- Sending skal koma til skoðunar á samþykktu landamæraeftirlitsstöð (BCP).
- [Nánari upplýsingar um matvæli og fóður í viðaukum I og II við reglugerð ESB nr. 2019/1793](#)
- Þegar innflutningurinn hefur verið samþykktur fær innflytjandi sent tilkynningarnúmer sem skrá skal í reit 14 á aðflutningsskýrslu.

d) Hey/hálmur eða fóður sem inniheldur hey/hálm/gras frá 3ju ríkjum

- Viðeigandi heilbrigðisvottorð gefið út af yfirvöldum í útflutningslandi skal fylgja sendingu.
- Sending skal skráð í Traces.
- Sending skal koma til skoðunar á samþykktu landamæraeftirlitsstöð (BCP).

e) Fóður frá 3ju ríkjum án dýraafurða, sem inniheldur ekki hey/hálm/gras og fellur ekki undir viðauka II við ESB reglugerð nr. 2019/1793

- Tilkynna skal um innflutning í [þjónustugátt](#) MAST, eyðublað nr **1.09**
- Þegar innflutningurinn hefur verið samþykktur fær innflytjandi sent tilkynningarnúmer sem skrá skal í reit 14 á aðflutningsskýrslu.

4. Innflutningur fóðurs frá EES ríkjum

a) Lyfjablandað fóður, fóðurukefni og forblöndur frá EES ríkjum

- Tilkynna skal um innflutning í [þjónustugátt](#) MAST, eyðublað nr **1.09**
- Þegar innflutningurinn hefur verið samþykktur fær innflytjandi sent tilkynningarnúmer sem skrá skal í reit 14 á aðflutningsskýrslu.

b) Annað fóður frá EES en lyfjablandað fóður, fóðurukefni og forblöndur fóðurukefna

- Ekki skal tilkynna innflutning. Eftirlit með slíkum vörum fer fram á markaði.
- Í reit 14 á aðflutningsskýrslu tollsins skal skrá EESVARA.

5. Innflutningur fóðurs til einkanota (ekki til sölu eða dreifingar)

a) Innflutningur fóðurs frá þriðju ríkjum til einkanota

Óheimilt er að flytja inn til einkaneyslu matvæli sem innihalda dýraafurðir frá þriðju ríkjum, þ.e. löndum utan EES. Undanþegið banni er allt að 2 kg af sjúkrafóðri (sérfóður / e. dietetic feed) fyrir gæludýr sem nauðsynlegt er fyrir dýr í eigu viðkomandi vegna læknisfræðilegra ástæðna svo fremi sem varan sé í neytendapakningum frá framleiðanda; hún geymist við stofuhita og innsigli órofið nema varan sé í notkun (t.d. ef um er að ræða farþega á ferðalagi).

b) Innflutningur fóðurs frá löndum innan EES til einkanota

Heimilt er að flytja inn frá löndum innan EES gæludýrafóður til einkanota (sem ekki er til sölu eða dreifingar) og á það bæði við um gæludýrafóður sem flutt er með pósti eða í farangri. Í slíkum tilfellum þarf viðkomandi ekki að vera skráður fóðurinnflytjandi. Reglur um [tollfríðindi](#) eiga við um slíkan innflutning.